

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarprestur, sýslumaður og oddviti hreppsnefndar. Sjóðsstjórnin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Ráðstöfun úthlutarfé sjóðsins svo og endurskoðaðir reikningar hans, skal hvortveggja auglýst í Lögbirtingablaði.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skrá þessari.

27. febrúar 1965.

Grimur Jónsson,
frá Súðavík.

REGLUR**um sérfræðileyfi tannlækna.**

1. gr.

Til þess að tannlæknar geti fengið leyfi ráðherra til að kalla sig sérfræðing, skal hann sanna fyrir sérfræðinefnd samkv. 2. gr., að hann uppfylli þau skilyrði, sem talin eru í reglum þessum, enda mæli landlæknir með leyfisveitingunni

2. gr.

Sérfræðinefnd skal þannig skipuð, að forstöðumaður tannlæknadeildar Háskóla Íslands er formaður hennar, en tveir nefndarmenn skulu tilnefndir af Tannlæknafélagi Íslands til þriggja ára í senn.

Þessir nefndarmenn skulu skipaðir af ráðherra.

Með sama hætti skal enn fremur tilnefna tvo sérfróða tannlækna til þátttöku með nefndinni í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni.

3. gr.

Umsókn um sérfræðileyfi skal stila til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, en senda sérfræðinefndinni.

Nefndin skal skila landlækni álitum um umsókn innan þriggja mánaða frá móttöku hennar.

Minnst fjórir af fimm nefndarmönnum þurfa að mæla með umsókn til þess að landlæknir geti mælt með henni. Hljóti umsókn ekki tilskilin meðmæli nefndarinnar, skal hver nefndarmaður gera skriflega grein fyrir atkvæði sínu og skulu greinargerðirnar sendar landlækni ásamt umsókninni.

Niðurstöðu nefndarinnar skal tilkynna umsækjanda jafnframt því, sem hún er send landlækni. Hljóti umsókn ekki tilskilin meðmæli nefndarinnar, skal umsækjanda greint frá forsendum þess.

Sé umsókn hafnað, getur umsækjandi ekki lagt inn nýju umsókn, fyrr en liðið er ár frá því, er honum var tilkynnt synjunin.

4. gr.

Umsækjanda um sérfræðingsviðurkenningu ber að uppfylla eftirfarandi almenn skilyrði eða samsvarandi:

1. Umsækjandi skal hafa tannlækningaleyfi hér á landi og hafa stundað almennar tannlækningar minnst 1 ár allan daginn eða sem því nemur.
2. Umsækjandi skal hafa minnst 2 ár, ekki skemur en 3 tíma á dag, lagt stund á bæði bóklegt og verklegt nám í sérgreininni við stofnun viðurkennda af sérfræðinefndinni og samkvæmt kröfum stofnunarinnar.
- b. Umsækjandi skal síðan hafa minnst 1 ár, minnst 6 tíma á dag, eða samsvarandi, verið aðstoðartannlæknir hjá viðurkenndum sérfræðingi í greininni (í privat-praxis, á tannlæknaskóla, eða í annarri tannlækningastofnun).
- c. Að öllum jafnaði skal ekki tekið til greina minna en 1 ár á hverjum stað, og eigi skal unnt að ljúka sérnámi á skemmri tíma en 3 árum, að fráskildum sjálfstæðum praxis.
3. Umsækjandi skal síðan, auk þess, sem að framan greinir, hafa minnst 2 ár unnið í sérgreininni undir umsjá tannlæknadeildar Háskóla Íslands.
4. Umsækjanda ber að leggja fram vottorð frá yfirmönnum viðkomandi stofnana um, að öllum fyrrnefndum kröfum hafi verið fullnægt.

5. gr.

Umsækjanda um sérfræðileyfi í tannréttingum ber að uppfylla eftirfarandi sérstök skilyrði, auk hinna almennu skilyrða í 4. gr.:

1. Umsækjandi skal hafa unnið við barnatannlækningar sem svarar $\frac{1}{2}$ ári, minnst 3 tíma á dag.
2. Umsækjandi skal leggja fram úr eigin starfi minnst 15 sjúkraskrár með afsteypum, röntgenmyndum og öðru því, sem nauðsynlegt má teljast til réttar sjúkdómsgreiningar, og mats á þeirri meðferð, sem sjúklingurinn hefur fengið.

6. gr.

Þar til annað verður ákveðið, skal einungis veita sérfræðileyfi í tannréttingum (orthodonti).

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá ákvæðum 4. og 5. gr. má veita undanþágu þeim, sem hafa byrjað sérfræðinám fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

Reglur þessar, sem settar eru af sérfræðinefnd samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 36 26. apríl 1963, um breytingu á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar, öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru hér með staðfestar.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. marz 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.